

**Nd. 982. Framhalds-nefndarálit**

um frumv. til laga um breytingu á lögum nr. 58, 22. nóv. 1907, um stofnun brunabótafjelags Íslands.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Frumvarpi þessu hefir verið vel tekið af háttv. efri deild, eins og vænta mátti um jafn þýðingarmikið nauðsynjamál. Þó hefir háttv. efri deild gert á frumv. nokkrar breytingar, sem miða að því að gera almenningi hægra fyrir að tryggja lausafje í fjelaginu. Með því að nefndar breytingar koma ekki í bága við aðalstefnu frumv., ráðum vjer háttv. deild til að samþykkja frumv. eins og það kom frá efri deild.

Neðri deild Alþingis, 13. sept. 1915.

Eggert Pálsson,  
formaður.

M. J. Kristjánsson,  
framsögumaður.

Þórarinn Benediktsson.

Sveinn Björnsson.